Alþingi
Erindi nr. Þ 120/809
komudagur 13/2 1996

Helludal í byrjun
febrúar 1996

Háttvirt umhverfisnefnd Alþingis.

Við undirritaðir Landeigendur í námunda við Geysi í Haukadal höfum meðtekið bréf frá ykkur ásamt afriti af þingsályktunartillögu nr 223 er fjallar um verndun Hverasvæðisins í Haukadal.

Í stuttu máli sagt teljum við að svo víðtæk friðlýsing og eignarnám sem lagt er til af höfundum tillögunnar, sé ekki réttlætanlegt. Eins og fram kemur í greinagerð með áðurnefndri tillögu hafa verið boraðar tvær holur til öflunar á heitu vatni. í landi Helludals af ábúendum jarðarinnar. Sú fyrri var boruð 1986 er 60 metra djúp og gefur um það bil 1sekúndu lítra af 45 gráðu heitu vatni. Nýrri holan var boruð 1993 er 360 metrar á dýpt og gefur tæplega 2 lítra á sekúndu af 65 gráðu heitu vatni. Það vatn er að hluta nýtt til upphitunar íbúðarhúsa í Helludal einnig er það nýtt við svínabú sem rekið er á jörðinni. Borun á þessum holum fór fram undir handleiðslu virts jarðvísindamanns. Hans mat er á þann veg að um sé að ræða vatn úr öðrum æðum en þeim er liggja um hverasvæðið í Haukadal. Í greinagerðinni eru orð að því lögð að frárennslisvatn frá hverasvæðinu hafi minnkað úr 14 sekúndulítrum í 9 sekúndulítra. En mælingar á frárennsli frá Hverasvæðinu fóru fram 1967 og síðan liða 17 ár eða til ársins 1994 að mælt er aftur vor og haust. Það er mat undirritaðra að skýringa á því að vatn hafi minnkað á svæðinu ,sé ekki að leita til borana í nágrenni Geysis. Svo strjálar mælingar gefa ekki nægjanlega mynd af vatnsmagni því er rennur um Hverasvæðið. Einnig má benda á að líklegt er að kísill hafi safnast inní Strokk. En rétt er að minna á að Strokkur er borhola frá árinu 1963.

Undirritaðir fagna því ef stuðlað verður að rannsóknum á Hverasvæðinu við Geysi og nágrenni þess. ekki viljum við síður að meira verði lífgað uppá hverasvæðið Einnig hvetjum við til þess að Geysi verði leyft að njóta sín á ný. En við ítrekum að Friðlýsing og eignarnám á sjö ferkílómetra svæði í nágrenni hverasvæðisins er að okkar mati ekki tímabær.

Að lokum viljum við gagnrýna að ekki var haft samráð við okkur strax þegar farið var af stað með málið.

En við viljum engu að síður bjóða hlutaðeigandi þingmenn og umhverfisnefnd velkomna hingað, til að kynna sér staðhætti.

Virðingarfyllst:

Steinar Tómasson
Steinar Tómasson
Helludal 1

Kristófer Tómasson
Kristófer Tómasson
Helludal 2